



**235. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 10. september 2015 kl. 16:00.**

**Mættir:** Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Örn Andrés�on, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

**Forföll boðuðu:** Sigríður Jónsdóttir ritari og Jón Finnbogason 3. varamaður.

**Þetta gerðist:**

### **1. Smáþjóðaleikar 2015**

Farið var yfir fyrstu niðurstöður fjárhagslegs uppgjörs leikanna. Nákvæm niðurstaða er ekki enn fengin en ljóst er að fjárhagsleg niðurstaða verður neikvæð. Helsta ástæða tapsins er að umtalsverður munur var á uppgefnum tölum erlendra þátttakenda í lokaskráningu á leikana og þeim fjölda sem síðan skilaði sér til landsins. Töluverðar umræður urðu um málið.

### **2. Endurskipan Hnefaleikanefndar ÍSÍ**

Lögð fram tillaga Hnefaleikanefndar ÍSÍ að endurskipan í nefndina. Samþykkt að skipa eftirfarandi í nefndina fram að stofnþingi sérsambands um ólympíska hnefaleika:

*Ásdís Rósa Gunnarsdóttir formaður*

*Árni Stefán Ásgeirsson*

*Jónas Heiðar Birgisson*

*Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir*

*Bergþór Hólmarsson*

*Eyrún Inga Sævarsdóttir*

### **3. Stofnþing Hnefaleikasambands Íslands**

Stofnþing Hnefaleikasambands Íslands verður haldið 30. september næstkomandi kl. 18:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Skrifstofa ÍSÍ hefur annast boðun til þingsins.

### **4. Ólympísk málefni**

*Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Tbilisi í Georgíu*

Gunnar Bragason og Líney Rut Halldórsdóttir skýrðu frá því helsta frá Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tbilisi í Georgíu. Mjög heitt var í Georgíu á meðan á leikunum stóð og gerði keppendum erfitt fyrir en góður andi var í hópnum.

*Ólympíuleikar ungmenna í Lillehammer 2016*

ÍSÍ mun að öllum líkindum senda þrjú keppendur á leikana, tveir í alpagreinum og einn í göngu. Íris Berg Bryde mun verða fulltrúi Íslands í fræðsluverkefningu Young Ambassador sem keyrt er í tengslum við leikana. Aðalfararstjórafundur verður haldinn í október og mun Örvar Ólafsson sækja fundinn fyrir hönd ÍSÍ.

### *Ólympíuleikarnir í Ríó 2016*

Fjórir íþróttamenn eru búnir að tryggja sig inn á leikana, þrír í sundi og einn í frjálsíþróttum. Handboltinn á möguleika á að tryggja sér þátttöku með ákveðnum árangri á EM í janúar næstkomandi.

Ingi Þór Ágústsson benti á að úrslitin í sundi á leikunum munu fara fram mjög seint á kvöldin.

Örn Andrússon skýrði frá því að Afrekssviðið væri að safna upplýsingum um stöðu afreksíþróttafólksins sem hefur möguleika á þátttöku í leikunum og í kjölfarið verði fundað með sérsamböndunum og viðkomandi íþróttafólki.

### **5. Stutt yfirlit frá fagsviðum ÍSÍ**

Formenn fagsviða ÍSÍ fóru í stuttu máli yfir það helsta sem á döfinni er hjá hverju sviði fyrir sig.

### **6. Formannafundur 2015**

Samþykkt að Formannafundur ÍSÍ 2015 fari fram síðdegis föstudaginn 27. nóvember næstkomandi. Staðsetning verður ákveðin síðar.

### **7. Vinnufundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Vinnufundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 10. október næstkomandi.

### **8. Íþróttavika Evrópu**

Líney Rut Halldórsdóttir skýrði frá fyrirkomulagi við Íþróttaviku Evrópu (European Week of Sport) sem haldin var dagana 7.-13. september síðastliðinn en Almenningsíþróttasvið er umsjónaraðili verkefnisins. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta verkefni er keyrt og að þessu sinni var það tengt þremur verkefnum sem nú þegar eru skipulögð af ÍSÍ; Norræna skólahlaupinu, Hjólum í skólann og Göngum í skólann. Styrkurinn sem ÍSÍ fékk í tengslum við Íþróttavikuna verður nýttur til að efla þessi verkefni með ýmsum hætti.

### **9. Heiðranir**

Lögð fram tillaga HSH um heiðranir í tilefni af afmæli Umf. Eldborgar.

Samþykkt að heiðra Guðmund M. Sigurðsson með Gullmerki ÍSÍ en Guðmundur sat í stjórn Eldborgar á annan tug ára. Hann sat einnig í stjórn HSH um nokkurra ára skeið og þar af formaður árin 2000-2006.

Samþykkt að heiðra Kristján Magnússon með Silfurmerki ÍSÍ en Kristján hefur verið í stjórn Umf. Eldborgar síðan 1995 og gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum, þar á meðal formennsku. Einnig hefur hann sinnt trúnaðarstörfum fyrir HSH og setið þar í varastjórn síðustu 10 ár.

### **10. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 232. fundur framkvæmdastjórnar
- 10., 11. og 12. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundur Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 22. júní 2015
- Fundir Heilbrigðisráðs ÍSÍ frá 19. nóvember 2014 og 1. september 2015.

### **11. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

### **12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 10. október næstkomandi kl. 09:00, á undan vinnufundi stjórnar.

### **13. Önnur mál**

#### *Afrekssjóður ÍSÍ*

Samþykkt að skipa Lilju Sigurðardóttur varaformann stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ fram að næsta Íþróttapingi ÍSÍ.

#### *Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar*

Samningur hefur verið undirritaður af hálfu ÍSÍ en ákveðin niðurstaða hefur ekki borist frá UMFÍ varðandi þeirra þátttöku.

#### *Málþing um hagræn áhrif íþróttar*

ÍSÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Háskóli Íslands munu standa fyrir málþingi 8. október kl. 15:00 í Laugardalshöll þar sem fjallað verður um skýrsluna Íþróttir á Íslandi – umfang og hagræn áhrif. Forseti ÍSÍ, mennta- og menningarmálaráðherra, rektor Háskóla Íslands, bæjarstjóri Seltjarnarness og framkvæmdastjóri KSÍ í pallborði.

#### *Afreksmiðstöð*

Rætt um afreksmiðstöð og rekstrargrundvöll hennar.

#### *Roller Derby*

Rætt um íslenskt heiti á Roller Derby íþróttinni. Haft hefur verið samband við Íslenska málstofu og Árnastofnun vegna málsins. Skrifstofa fylgir málinu eftir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.